




Flóabáturinn Baldur, auglýsir

Aætlunarferðir yfir Breiðafjörð verða sem hér segir yfir jól og áramót: Laugardaginn 18. desember, fimmtudaginn 23. desember, fimmtudaginn 30. desember, þriðjudaginn 4. janúar, laugardaginn 8. janúar.

Alla dagana er brottför kl. 9 árdegis frá Stykkishólmi og kl. 13 síðdegis frá Brjáns-læk. Eftir 8. janúar verða áðurnefndar ferðir eingöngu á laugardögum á sama tíma.

Allar nánari upplýsingar hjá afgreiðslum Baldurs, í Stykkishólmi sími 93-8120 og Brjáns-læk símstöð um Haga.



Gagnrýnir listamenn, Valtýr Pétursson, Ólafur Kvaran og Jónas Guðmundsson.

GAGNRÝNENDUR EFNA TIL MYNDLISTARSÝNINGAR Á KJARVALSSTÖÐUM

Samtök gagnrýnenda voru sem kunnugt er stofnuð fyrr á þessu ári. Hefur félagið þegar sannað ágæti sitt, og m.a. verður opnuð á laugardaginn sýning á úrtaki gagnrýnenda á myndlist á árinu 1976.

Myndlistargagnrýnendur dagblaðanna fengu pata af því, að Kjarvalsstaðir, eða vestursalur þeirra, yrðu lausir, vegna forfalla, og ákváðu því að taka salinn á leigu undir sýningu á því merkasta, sem þeir töldu að fram hefði komið á árinu, sem nú er að líða.

Í ljós kom þó, að tilnefning ákveðinna verka hefði orðið of flókin, þar eð sum hafa verið seld, og því varð það að ráði að valdir voru nokkrir málur til að sýna, og myndir síðan valdar af málurunum sjálfum og þá, ef svo bar undir, með hjálp gagnrýnenda.

Eftirtaldir gagnrýnendur standa að sýningunni: Valtýr

Pétursson og Bragi Asgeirsson frá Morgunblaðinu, Aðalsteinn Ingólfsson frá Dagblaðinu, Ólafur Kvaran frá Þjóðviljanum og Jónas Guðmundsson frá Tímanum.

Eftirgreindir myndlistarmenn sýna þarna verk sín að þessu sinni:

Hjörleifur Sigurðsson, Jóhannes Geir, Karl Kvaran, Kristján Davíðsson, Haukur Dór, Gunnar Örn, Magnús Kjartansson, Ragnheiður Jónsdóttir Ream, Ragnheiður Jónsdóttir, Asgerður Búadóttir, Sigurjón Ólafsson, Richard Valtinger, Magnús Pálsson, Torfi Jónsson og Kristján Kristjánsson.

Sá háttur var á hafður við val myndlistarmanna til að taka þátt í sýningunni, að hver gagnrýnandi tilnefndi einn myndlistarmann. Síðan voru greidd atkvæði um nafnalista, eða ein-

staka menn á lista, þeirra er sýnt höfðu á árinu og til greina þóttu koma.


Þeir, sem flest atkvæði hlutu, eru með verk á sýningunni, nema Þorvaldur Skúlason, sem ekki gat verið með, þótt hann hlyti nægjanlegt atkvæðamagn.

Sýningin verður opnuð á laugardag kl. 16.00 og stendur í viku. Verður hún opin á venjulegum safntíma.

Myndlistargagnrýnendur taka það fram, að þetta er tilraun til yfirlits yfir markverða myndlist á árinu, sem er að líða. Auðvitað voru skiptar skoðanir um val listaverka og myndlistarmanna, en þetta úrtak er fengið með lýðræðislegri atkvæðagreiðslu.

Ef vl tekst til, mun þetta verða árviss sýning.

JG



Mynd eftir Jóhannes Geir.



Almúga-
still

Kalmar-INNRÉTTINGAR HF.

Grensásvegi 22 — Sími 8-26-45 — Reykjavík

Happdrætti Framsóknarflokksins

Það stýttist óðum til dráttardags.

Greiða má eftir meðfylgjandi giróseðli í næstu peningastofnun, til næsta umboðsmanns eða til happdrættis-skrifstofunnar, Rauðarárstíg 18, Rvík. (inng. Njálsgötumegin).

Skrifstofan Rauðarárstíg er opin til hádegis í dag, laugardag og til kl. 6 á kvöldin næstu daga eftir helgi. Einnig er tekið á móti uppgjöri á Afgreiðslu Tímans. Aðalstræti 7 og þar eru einnig miðar til sölu.

Vinningarnir í happdrættinu eru 15 að þessu sinni kr. 1.500.000,- að verðmæti.

Dregið verður 23. desember n.k. og drætti ekki frestað.

Framsóknarfólk og aðrir, sem fengið hafa heimsenda miða, er beðið að taka þátt í miðakaupum eftir fremstu möguleikum og eru trúnaðarmenn flokksins um land allt sérstaklega hvattir til að vinna rösklega að sölu miðanna, hver á sínum stað.